



Fjárlaganefnd
Þingskjal 1 – 1.mál

Hafnarfirði 18. október 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til breytingar á frumvarpi til fjárlaga – sóknargjöld

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2024, er lögð til lækkun sóknargjalda sem nemur rúmlega 220 milljónum. Sóknargjöld standa undir starfi sókna hér á landi.

Þjóðkirkjan er mikilvæg grunnstoð íslensks samfélags. Opin, lýðræðisleg almannahreyfing sem heldur uppi viðamikilli þjónustu og mannræktarstarfi um land allt. Sóknirnar og söfnuðir eru grunneining kirkjunnar og þar starfa þúsundir sjálfbóðaliða sem sinna kirkjum og safnaðarstarfi í sínu nærsamfélagi.

Í kirkjum landsins er að finna fjölmörg ómetanleg menningarverðmæti og þar á meðal í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði sem hýsir eitt merkasta kirkjulistaverk á Íslandi, freskumyndir Baltasar Samper. Víðistaðakirkja er einnig samveru og samkomustaður sóknarbarna og allra annarra sem þangað leita, óháð trú og trúfélagi hvort heldur er í sorg eða gleði.

Fjöldi athafna, s.s. fundir, tónleikar, skólaútskriftir og fleiri viðburðir á vegum hinna ýmsu samtaka og félaga, fara einnig fram í Víðistaðakirkju á ári hverju.

Sóknarnefndir hafa sýnt ríkinu langlundargerð og gert allt sem í þeirra valdi hefur staðið til að hagræða og skera niður í rekstri og þjónustu og þannig leitast við að koma til móts við niðurskurð sóknargjalda. Nú er hins vegar svo nærri söfnuðunum gengið að þeir geta margir hverjir ekki lengur uppfyllt hlutverk sitt vegna erfiðrar fjárhagsstöðu.

Sóknarnefnd Víðistaðasóknar fer fram á leiðréttingu sóknargjalda í fjárlögum ársins 2024 og að þau verði hækkuð að lágmarki samkvæmt vísitölu í umfjöllun Alþingis.

Virðingarfyllst, f.h. sóknarnefndar Víðistaðakirkju

Hjörleifur Þórarinnsson
Formaður